

Hálf-kaskótrygging

Skilmáli nr. B-5

Um váttrygginguna gilda váttryggingaskírteinið ásamt áritun og sérskilmálum, skilmálar þessir, almennir skilmálar félagsins nr. AS-1 og ákvæði laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Ákvæði í almennum skilmálum ganga framur ákvæðum þessara skilmála ef ekki er fullt samræmi þar á milli.

Í skilmála þessum merkir hugtakið "félagið" Vörð tryggingar hf.

1. gr. Það sem váttryggingin bætir

Váttryggingin bætir skemmdir, sem verða á ökutækinu sjálfu af völdum bruna, þjófnaðar, veltu og/eða hrops. svo og rúðubrot samkvæmt eftirfarandi nánari ákvæðum:

- 1.1 Váttryggingin bætir skemmdir á ökutækinu sjálfu af völdum eldingar og eldsvoða eða sprengingum, sem stafa af honum.
- 1.2 Váttryggingin bætir tjón, er stafa af því, að ökutæki er stolið, þ.m.t. skemmdir þær, sem orðið hafa við að komast yfir ökutækið, svo sem ef hurðir eru sprengdar upp, rúður brotnar og kveikjulás skemmdur. Félagið krefst lögregluskýrslu sem sönnun fyrir tjóni samkvæmt þessari grein.
- 1.3 Váttryggingin bætir tjón á ökutækinu, sem stafa af því, að það veltur eða hrapar. Undanskilin eru þó tjón að því leyti, sem þau eru afleiðing af árekstri og/eða áakstri áður en ökutækið valt. Til veltu teljast eingöngu tjón, er verða við það, að ökutæki hvolfir eða þar fer á hliðina, þannig að hjól nemi ekki við jörðu. Sjálfsábyrgð váttryggingartaka er 50% í hverju einstöku slíku tjóni.
- 1.4 Váttryggingin bætir brot á öllum rúðum ökutækisins, af hvaða orsökum sem þau verða, svo og vinnu við að skipta um þær. Það telst ekki brot, þótt flísist úr rúðu eða hún rispist eða skrámist. Rúða, sem brotnar við úrtöku eða ísetningu, er ekki bætt. Sjálfsábyrgð váttryggingartaka er 20% í hverju einstöku rúðutjóni.

2. gr. Það sem váttryggingin bætir ekki

Félagið bætir ekki:

- 2.1 skemmdir á rafbúnaði ökutækisins, er hljótast af skammhlaupi;
- 2.2 skemmdir af eldsvoða af völdum áreksturs og/eða áaksturs;
- 2.3 skemmdir vegna veltu og/eða hrops, sé það afleiðing áreksturs og/eða áaksturs;
- 2.4 skemmdir á hvers konar sérútbúnaði ökutækja, t.d. talstöðvum, gjaldmælum, vörulyftum, krönum vörubifreiða, máluðum auglýsingum o.s.frv., nema annars sé getið í skírteininu;
- 2.5 skemmdir, sem ekki teljast til eldsvoða, svo sem þegar eingöngu sviðnar gat á áklæði, mottur, teppi o.þ.h.;
- 2.6 tjón vegna þess að ökumaður vegna undanfarandi neyslu áfengis, æsandi eða deyfandi lyfja telst ekki geta stjórnað ökutækinu örugglega eða vera óhæfur til þess, sbr. ákvæði umferðarlaga;
- 2.7 skemmdir, sem verða, þegar ökutækinu er ekið af þeim, sem ekki hefur öðlast gilt ökuskrírteini fyrir ökutækið eða notkun þess;
- 2.8 skemmdir af völdum veltu og/eða hrops vegna kappaksturs eða reynsluaksturs;
- 2.9 skemmdir af völdum veltu og/eða hrops, er aðeins varða hjól og hjólbarða, svo og stuldur einstakra hluta ökutækisins og skemmdir, er af slíku stafa;

3. gr. Hverjir eru váttryggðir

Váttryggður er eigandi þess ökutækis sem tilgreint er váttryggingarskrírteini eða endurnýjunarkvittun.

4. gr. Akstur í útlöndum

Váttryggingin nær ekki til aksturs utan Íslands, nema sérstaklega sé um það samið við félagið. Sama gildir meðan ökutækið er í flutningum milli landa.

- 4.1 **Varúðarregla: Ökutækinu skal tryggilega læst þegar farið er frá því og rúðum eða sóllúgu lokað. Lyklar að ökutækinu skulu geymdir á ábyggilegum stað þar sem óviðkomandi eiga ekki greiðan aðgang.**
- 4.2 **Varúðarregla: Váttryggður skal vera í líkamlegu ástandi til þess að gera stjórnað ökutækinu örugglega og ekki undir áhrifum áfengis, örvandi eða deyfandi lyfja.**
- 4.3 **Varúðarregla: Váttryggður skal hafa hæfni til þess að stjórna ökutækinu örugglega og hafa til þess tilskilin réttindi.**
- 4.4 **Varúðarregla: Váttryggður og sá sem hefur ökutækið undir höndum skal sjá til þess það sé í lögmæltu ástandi, að ökutækið sé fært til lögbundinnar skoðunar og viðhald ökutækisins sé í samræmi við leiðbeiningar og þjónustuhandbók framleiðanda. Sérstaklega ber að sjá um að öryggistæki séu í lagi.**

5. gr. Tilvísun til annarra skilmála félagsins

Að öðru leyti en því sem hér greinir gilda um váttryggingu þessa 7.-19. gr. skilmála félagsins nr. B-2 um kaskótryggingu ökutækja, eftir því sem við á.

Skilmáli þessi gildir frá 01.01.2020